

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí 2011

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu fimm mánuði ársins 2011 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 21,7 ma.kr. en var neikvætt um 32,9 ma.kr. á sama tímabili 2010. Tekjur drógust saman um 2,6 ma.kr. en á sama tíma drógust gjöldin saman um 13,1 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 30,5 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-maí 2007-2011

	Í milljónum króna				
	2007	2008	2009	2010	2011
Innheimtar tekjur	187 540	194 465	172 135	175 092	172 498
Greidd gjöld	146 007	159 083	209 123	212 715	199 639
Tekjujöfnuður	41 533	35 382	-36 989	-37 623	-27 141
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	-8 960	-5 455	-2 720	4 700	5 471
Handbært fé frá rekstri	32 573	29 889	-39 709	-32 923	-21 670
Fjármunahreyfingar	-71 958	-2 351	8 110	-9 027	56 652
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-39 385	27 538	-31 599	-41 950	34 982
Afborganir lána	-31 917	-16 341	-1 345	-72 037	-71 615
Innanlands	-20 808	- 676	-1 345	-72 037	- 764
Erlendis	-11 109	-15 665	-	-	-70 851
Greiðslur til LSR og LH	-1 650	-1 650	-	-	-
Lánsfjárjöfnuður, brúttó	-72 952	9 547	-32 944	-113 987	-36 633
Lántökur	46 452	9 233	81 773	89 447	60 508
Innanlands	42 061	9 233	74 721	95 046	47 173
Erlendis	4 391	-	7 052	-5 599	13 335
Breyting á handbæru fé	-26 500	18 780	48 829	-24 540	23 875

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 172,5 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins og eru það 1,5% minni tekjur en skiluðu sér á sama tíma í fyrra. Innheimtar tekjur voru þó meiri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir, eða 1,3 ma.kr. meiri, og stafar það einkum af meiri innborgunum á fjármagnstekjuskatti en reiknað var með.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 159,9 ma.kr. samanlagt frá janúar til maí sem er 0,8% samdráttur frá fyrra ári en 1,6% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Þar af var bókfærður tekjuskattur einstaklinga 37,7 ma.kr. sem er samdráttur um 4,5% frá sama tíma árið 2010 og 2,1% undir tekjuáætlun. Samdráttinn á milli ára má að mestu rekja til flutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun, en samhliða honum var útsvar hækkað um 1,2% og tekjuskattur lækkaður á móti. Sé litið til samanlagðra skila launagreiðenda í staðgreiðslukerfinu á bæði tekjuskatti og útsvari er 3,7% aukning milli ára á fyrstu fimm mánuðum ársins, en á sama tíma hækkaði skatthlutfallið í staðgreiðslu um 0,09


prósentustig. Aukningin milli ára virðist því að mestu leyti stafa af hækkun tekjuskattsstofnsins í krónum talið. Tekjuskattur lögaðila nam 5,9 ma.kr. sem er aukning um 15,6% frá því í fyrra og 2,8% yfir áætlun fjárlaga. Innheimtur fjármagnstekjuskattur var 21,1 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins sem er 3,5% aukning frá sama tíma í fyrra. Fjárlagaáætlunin gerði ráð fyrir 17,5 ma.kr. tekjum og er innheimtan því um 3,5 ma.kr. umfram það. Hér er um að ræða skatt af fjármagnstekjum á síðasta fjórðungi ársins 2010 og á fyrsta ársfjórðungi í ár, en gjalddagi hans var í apríl og eindaginn í maí. Innheimta eignarskatta var 1,8 ma.kr. sem er sama upphæð og í fyrra, þar af jukust stimpilgjöld um 2,7% enda hefur velta íbúðarhúsnæðis (mæld sem fjöldi þinglýstra kaupsamninga) aukist töluvert það sem af er ári samanborið við fyrra ár.

Tekjur ríkissjóðs janúar-maí 2009-2011

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2009	2010	2011	2009	2010	2011
Skatttekjur og tryggingagjöld	149 181	161 158	159 872	-16,6	8,0	-0,8
Skattar á tekjur og hagnað	71 312	64 855	64 585	-4,1	-9,1	-0,4
Tekjuskattur einstaklinga	36 215	39 431	37 657	-6,0	8,9	-4,5
Tekjuskattur lögaðila	6 893	5 065	5 854	-31,5	-26,5	15,6
Skattur á fjármagnstekjur	28 203	20 359	21 074	9,2	-27,8	3,5
Eignarskattar	2 094	1 788	1 786	-41,8	-14,6	-0,1
Skattar á vöru og þjónustu	57 396	66 960	64 014	-28,1	16,7	-4,4
Virðisaukaskattur	38 821	44 602	40 620	-31,8	14,9	-8,9
Vörugjöld af ökutækjum	449	498	947	-90,4	10,9	90,2
Vörugjöld af bensíni	3 906	4 283	4 310	10,1	9,6	0,6
Skattar á olíu	2 632	2 683	2 650	-11,4	2,0	-1,2
Áfengisgjald og tóbaksgjald	4 966	5 380	5 573	8,4	8,3	3,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	6 624	9 514	9 914	-7,2	43,6	4,2
Tollar og aðflutningsgjöld	1 938	2 342	2 495	-32,0	20,8	6,5
Aðrir skattar	1 161	1 546	1 526	22,1	33,1	-1,3
Tryggingagjöld	15 279	23 668	25 466	-11,0	54,9	7,6
Fjárframlög	239	200	374	15,7	-16,3	86,5
Aðrar tekjur	23 908	13 411	12 149	79,7	-43,9	-9,4
Sala eigna	340	270	102	-	-	-
Tekjur alls	173 669	175 040	172 497	-10,7	0,8	-1,5

Skattar á vöru og þjónustu námu 64 ma.kr. frá janúar til maí sem er 4,4% samdráttur frá árinu 2010 og 0,3% lægri upphæð en gert var ráð fyrir að innheimtist í forsendum fjárlaga fyrir árið 2011. Þegar horft er á 4 mánaða meðaltal nemur raunlækkunin 0,5% (sjá mynd).

**Raubreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára,
m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal**



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkanir hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Virðisaukaskattur nam 40,6 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins. Það er samdráttur um 8,9% frá sama tíma í fyrra sem stafar af því að 6,1 ma.kr. sem átti að koma til innheimtu í maí frestast yfir í júnímánuð. Þetta er vegna greiðslufrestunarheimilda í tolli, en fresta má helmingsgreiðslu virðisaukaskatts af innflutningi um einn mánuð. Þess má geta að virðisaukaskattur í maímánuði kemur að mestu af innflutningi í mánuðunum mars og apríl. Fyrir utan virðisaukaskatt eru vörugjöld af bensíni og olíu, áfengi og tóbaki stærstu liðir óbeinu skattana. Tekjur af bensín- og olúgjaldi voru nánast þær sömu og á sama tíma í fyrra en þær voru annars vegar 4,9% og hins vegar 6,8% undir áætlun fjárlaga. Skýrist það af minni sölu á bensíni og olíu en gert var ráð fyrir, sem rekja má til mjög mikilla verðhækkana á þessum vörum. Tekjur af áfengisgjaldi voru 0,4% meiri en í fyrra en 4,3% minni en reiknað var með í áætlun fjárlaga. Þá voru tekjur af tóbaksgjaldi 9,4% meiri en á sama tíma 2010 sem og 0,8% meiri en gert var ráð fyrir. Tekjur af vörugjöldum af ökutækjum eru sá liður óbeinu skattana sem hefur aukist mest, eða um rúmlega 90% á milli ára enda hafa nýskráningar bíla meira en tvöfaldast borið saman við janúar-maí 2010. Tekjur af tryggingagjaldi voru 25,5 ma.kr. sem er aukning um 7,6% frá sama tíma 2010 og í samræmi við áætlun fjárlaga. Aðrar tekjur ríkissjóðs (aðrar en skatttekjur, fjárframlög og eignasala) námu 12,1 ma.kr. sem er 1,3 ma.kr. samdráttur frá sama tíma árið 2010 sem og undir áætlun fjárlaga. Þar af voru ýmsar og óskilgreindar tekjur 2,8 ma.kr. undir áætlun sem rekja má til þess að fjárlagaáætlunin gerði ráð fyrir 3 ma.kr. tekjufærslu í maí, vegna fjármögnunar á sérstakri vaxtaniðurgreiðslu, en þær tekjur hafa ekki skilað sér ennþá. Þá voru tekjur af sölu eigna 102 m.kr. en þær voru 270 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Greidd gjöld námu 199,6 ma.kr. og drógust saman um 13,1 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 6,1%. Greidd gjöld voru einnig innan fjárheimilda tímabilsins um 2,1 ma.kr. eða 1%. Útgjöld

til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs drógust saman um 6,1 ma.kr. milli ára og voru í jafnvægi við fjárheimildir tímabilsins. *Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu* drógust saman um 616 m.kr. á milli ára og voru jafnframt 367 m.kr. innan fjárheimilda. *Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála* drógust saman um 1,4 ma.kr. milli ára sem skýrist að hluta með því að málefni fatlaðra fluttust frá ríki til sveitarfélaga en einnig með sérstakri vaxtaniðurgreiðslu að upphæð 3 ma.kr. til útgjaldaauka á milli ára. Þá voru greiddar barnabætur tæpum 1 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra, útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs 404 m.kr. lægri og útgjöld Fæðingaorlofssjóðs 529 m.kr. lægri.

Útgjöld til heilbrigðismála drógust saman um 1,1 ma.kr. milli ára en voru nokkurn veginn í jafnvægi við heimildir. Útgjöld Landspítala drógust saman um 358 m.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Þá drógust útgjöld vegna Sjúkratrygginga saman um 573 m.kr. milli ára en þrátt fyrir það eru þau tæpum 700 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. *Útgjöld til efnahags- og atvinnumála* drógust saman milli ára um 1,4 ma.kr. og voru jafnframt 1,9 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Þar vegur þyngst að ýmsar framkvæmdir hafa farið hægar af stað en gert var ráð fyrir. Til dæmis dragast útgjöld Vegagerðarinnar saman um 462 m.kr. og eru 1,1 ma.kr. innan heimilda, útgjöld vegna hafnarframkvæmda dragast saman um 329 m.kr. og útgjöld flugvalla og flugleiðsöguþjónustu dragast saman um 244 m.kr. *Útgjöld til menntamála* voru 403 m.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra en voru 1 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna voru 227 m.kr. lægri en í fyrra og 490 m.kr. innan heimilda. Þessi frávik skýrast að mestu með tilflutningi á greiðslum innan ársins. Þá voru útgjöld Háskóla Íslands 517 m.kr. innan heimilda tímabilsins. *Útgjöld til menningar-, íþróttar- og trúmála* voru 85 m.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra en voru 102 m.kr. hærri en fjárheimildir tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála drógust saman um 261 m.kr. milli ára en voru 430 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Fjárfestingar Landhelgisjóðs dragast verulega saman milli ára en á árinu 2010 voru mikil útgjöld vegna kaupa á flugvél fyrir Landhelgisgæsluna og nýju varðskipi. Á móti er rekstur Landhelgisgæslunnar verulega yfir fjárheimildum eða 436 m.kr. og aukast jafnframt um 241 m.kr. milli ára. *Útgjöld til umhverfisverndar* aukast lítillega milli ára en eru 121 m.kr. innan áætlana. *Útgjöld til Varnarmála* drógust saman um 57 m.kr. milli ára en voru 78 m.kr. yfir heimildum tímabilsins. *Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála* drógust saman um 80 m.kr. milli ára og voru 44 m.kr. innan heimilda tímabilsins. *Óregluleg útgjöld* drógust saman um 1,6 ma.kr. milli ára en voru 405 m.kr. yfir fjárheimildum. Þessi samdráttur skýrist að mestu með útgjöldum vegna ríkisábyrgða sem eru 1,1 ma.kr. lægri en í fyrra. Þá var greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs 566 m.kr. lægri en í fyrra sem er samt 149 m.kr. hærri en heimildir gerðu ráð fyrir.

Gjöld ríkissjóðs janúar-maí 2009-2011

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2009	2010	2011	2010	2011
Vaxtagreiðslur	23 550	33 916	27 845	44,0	-17,9
Almenn opinber þjónusta	18 089	18 540	17 924	2,5	-3,3
Varnarmál	601	614	557	2,2	-9,3
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	7 838	7 700	7 439	-1,8	-3,4
Efnahags- og atvinnumál	24 687	20 164	18 725	-18,3	-7,1
Umhverfisvernd	1 700	1 579	1 584	-7,1	0,3
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	263	272	192	3,6	-29,4
Heilbrigðismál	48 298	46 544	45 447	-3,6	-2,4
Menningar- íþróttá- og trúmál	8 165	6 871	6 786	-15,8	-1,2
Menntamál	19 832	20 572	20 169	3,7	-2,0
Almannatryggingar og velferðarmál	51 413	49 994	48 643	-2,8	-2,7
Óregluleg útgjöld	4 690	5 949	4 328	26,8	-27,2
Gjöld alls	209 123	212 715	199 639	1,7	-6,1

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var jákvæður um 35 ma.kr. sem er 76,9 ma.kr. betri staða en á sama tíma í fyrra. Aðallega er um að ræða 58,5 ma.kr. lækkun á veittu gjaldeyrisforðaláni til Seðlabankans eftir að ríkissjóður keypti upp samsvarandi skuldir vegna láns á gjalddaga síðar á þessu ári.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 71,6 ma.kr. Afborganir innlendra skulda námu 764 m.kr. og erlendra skulda tæplega 70,9 ma.kr. Þar af námu uppkaup ríkissjóðs í maímánuði 65,6 ma.kr.

Lántökur námu 60,5 ma.kr. Þar af námu innlendar lánahreyfingar 47,2 ma.kr. Gefin voru út óverðtryggð ríkisverðbréf fyrir 59,7 ma.kr. en á móti lækkaði stofn ríkisvixla um 12,9 ma.kr. Endurmat gjaldeyrisreikninga nam rúmum 13,3 ma.kr.